

Alþingi
Erindi nr. P 131/1620
komudagur 26.4.2005

Gaulverjabæjarhreppur
Gaulverjabæ 801 Selfoss
Kennitala: 570169-7269
Netfang: gaulver@islandia.is
Fax: 4863365
Sími: 4863380 / 8629380

Gaulverjabæ 25.apríl 2005.

EFNI; UMSÖGN UM SAMGÖNGUÁÆTLUN 2005 – 2008. 721. mál.

1. Hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps lýsir miklum vonbrigðum sínum og furðu yfir því að ekki skuli sjáanlega í aðsendri Samgönguáætlun einu sinni veitt einni krónu til varanlegrar vegagerðar í sveitarfélaginu umrætt tímabil nýrrar samgönguáætlunar. Margoft hefur verið vakin athygli Vegagerðar og þingmanna kjördæmisins á bágu ástandi malarvega og ofaniburðar í hreppnum.


2. Áherslur; Sveitarstjórn leggur áherslu á að haldið verði áfram með slitlag og uppbyggingu á stofn og tengivegi 33 Gaulverjabæjarvegi. Nær klæðning nú að félagsheimilinu Félagslundi. Er ástand vegar þaðan niður að ströndinni afar dapurt og ekkert viðhald hlotið á annan áratug.

Vegur 305 Villingaholtsvegur frá vegamótum við Klöpp austur að Fljótshólum og Partabæjum er holóttur og með alls óviðunandi ofaniburð vegna mikils moldarefnis. Þó var hann uppbyggður að hluta fyrir nokkrum árum, en ekki sett klæðning um leið.

Vegur 308 Hamarsvegur frá Félagslundi austur að Villingaholti. Einnig alls óviðunandi ofaniburður og mjög slæmur vegur. Umferð um þennan veg hefur stórukist við sameiningu þriggja skóla, Gaulverja, Villingaholts og Þingborgarskóla í einn Flóaskóla. Er þar um að ræða skólabifreiðar með börn frá sex ára aldri og starfsfólk hins nýja skóla sem staðsettur er í Villingaholti.

3. Það er réttmætt sanngirnismál að fyrst þetta svæði er sjáanlega fryst í kafla 4.2.1.3 (s.27) hvað varðar verkefni á landsbyggð, þá njóti það árlega fjármagns til tengivega til 2008. Hringtengingu aðalvega annara byggða í Árnessýslu á bundnu slitlagi er að mestu lokið. Því fer fjarri að svo sé hér neðan Hringvegar 1. Hvaða sanngirni er í því að íbúar hér, í þessari sömu sýslu, séu settir á ís hvað þetta varðar? Við það verður illa unað og vart öðru trúað en tekið verði tillit til þessara óska við afgreiðslu þingsins á þessu máli.

Virðingarfyllst;
f.h. Gaulverjabæjarhrepps.



Valdimar Guðjónsson, oddviti.

